

Alþingi
Velferðarnefnd
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 27. maí 2022
Tilvísun: M21120605 / 00.02

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til sóttvarnarlaga, mál 498 – þskj. 715

Vísað er í tölvupósts nefndasviðs Alþingis þann 19. maí sl. þar sem Ferðamálastofu var boðið að senda umsögn um frumvarp til sóttvarnarlaga.

Ferðamálastofa gerir ekki almennar athugasemdir við frumvarpið en bendir á mikilvægi þess að almennt sé samræmi í hugtakanotkun óháð starfsgreinum.

Í ferðaþjónustu er opinber skilgreining á hugtakinu ferðamaður „Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á“. Átt er við innlenda sem og erlenda gesti. Hugtakið er fengið úr [Hugtakasafni ferðaþjónustunnar](#) sem kynnt var árið 2017 en þar er að finna orð og hugtök sem tíðkast að nota innan greinarinnar. Skilgreiningin er sótt til [UNWTO](#) (World Tourism Organization). Alþjóðaskilgreiningin skv. UNWTO er; „Tourist (or overnight visitor): A visitor (domestic, inbound or outbound) is classified as a tourist (or overnight visitor), if his/her trip includes an overnight stay.“ Gestur sem aðeins hefur viðdvöl yfir daginn og stoppar ekki yfir nótt er skilgreindur sem „dagsferðamaður“ og skv. UNWTO sem „a same-day visitor (or excursionist)“.

Sem dæmi má nefna falla farþegar skemmtiferðaskipa ekki undir skilgreininuna á „ferðamanni“ heldur eru þeir skilgreindir sem dagsferðamenn.

Samkvæmt 5. t.l. 4. gr. frumvarpsins er sett fram skilgreining á hugtakinu „ferðamaður“ sem einstaklingur á ferð milli landa. Skilgreiningin, eins og hún er sett fram í frumvarpinu, er ekki í samræmi við hið opinbera hugtak.

Það er óheppilegt ef opinberir aðilar notast ekki við sömu hugtakaskilgreiningar. Því leggur Ferðamálastofa til að skilgreiningunni í frumvarpinu verði breytt til samræmis við hina almennu viðurkenndu skilgreiningu og að hugtakið ferðamaður verði skilgreint sem „Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.“

Virðingarfyllt,
F.h. Ferðamálastofu
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnslusviðs